

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs  
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs  
Dags. 13. október 2017  
Mnr. 2017090066



ÍSAFJARÐARBÆR

## Svar til bæjarráðs

Á fundi bæjarráðs 9. október 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem farið var yfir úthlutun stöðugilda til Tónlistarskóla Ísafjarðar. Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

*„Bæjarráð óskar eftir því að sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs kostnaðarmeti beiðnina og leggi fyrir bæjarráð.*

*Beiðni um aukningu stöðugilda þarf að berast bæjarráði tímanlega áður en kennsla hefst.“*

Frá því að bréf skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar kom fyrir bæjarráð hefur orðið örlítill breyting á stöðugildum og í dag eru þau 11,63 stöðuhlutföll og heimild ársins 2017 gerir ráð fyrir 11,65. Auk þess eru þrjú kennarar með samtals 20 tíma í kennsluyfirvinnu á mánuði en heimild er fyrir 10 tímum. Sé tekið mið af meðal kostnaði þessara tíma sem eru umfram áætlun er þetta kostnaður, með launatengdum gjöldum, upp á kr. 109.655 á mánuði eða kr. 438.620 á haustmánuðum 2017. Skólastjóri hefur frestað ráðningu eins kennara þar til eftir áramót.

MH